



8. mars 2023  
Tilv.: 2302111

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
nefndasvid@althingi.is

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, 588. mál.

Með tölvupósti, dags. 23. febrúar 2023, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, 588. mál.

Seðlabankinn styður framgöngu frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

#### 1. Sektor og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (hér eftir SFTR). SFTR gerðin gerir m.a. ráð fyrir því að viðskiptaskrár samkvæmt gerðinni verði skráðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA sem hafi jafnframt eftirlit með starfsemi þeirra. Er hér um að ræða sambærilegt fyrirkomulag og er varðandi afleiðuviðskiptaskrár skv. lögum nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Í 9. gr. SFTR er fjallað um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA og er þar hafður sá háttur á að vísað er yfir í nánar tilgreind ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (hér eftir EMIR) sem innleidd er með áðurnefndum lögum nr. 15/2018. Er því gert ráð fyrir að þau ákvæði EMIR muni einnig gilda um sektor- og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA þegar kemur að viðskiptaskrár skv. SFTR.

Til að auka skýrleika og sýnileika þessa fyrirkomulags og tryggja samræmi við innleiðingu EMIR gerðarinnar leggur Seðlabankinn til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggur Seðlabankinn til að við 4. gr. frumvarpsins bætist tilvísun til 9. gr. SFTR. Með því væri vakin athygli á að með 9. gr. SFTR sé ætlunin að veita Eftirlitsstofnun EFTA ýmsar valdheimildir, en greinin vísar síðan til ítarlegri ákvæða í EMIR hvað þær valdheimildir varðar. Er því lagt til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 4. gr. frumvarpsins:

„Um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA er nánar fjallað í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.“

Í öðru lagi leggur Seðlabankinn til að við 4. gr. bætist málsgrein sem væri efnislega samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 15/2018 um almennar rannsóknir og vettvangsskoðun. Með því væri tryggt samræmi við innleiðingu sambærilegra ákvæða EMIR í lögum nr. 15/2018. Er því lagt til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 4. gr. frumvarpsins:

„Til þeirra rannsóknaraðgerða sem kveðið er á um í a–c-lið og e-lið 1. mgr. 62. gr. og 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sbr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, þarf heimild dómara nema samþykki þess aðila sem rannsóknaraðgerðirnar beinast að liggi fyrir. Um beiðni um heimild dómara til rannsóknaraðgerða fer eftir XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.“

Í þriðja lagi leggur Seðlabankinn til að við 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um stjórnvaldssektir bætist eftirfarandi málsgrein:

„Um sektarheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA er nánar fjallað í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.“

Með því kæmi skýrar fram að með 9. gr. SFTR, sbr. áðurnefndar tilvísanir í þeirri grein til ákvæða EMIR, er ætlunin að veita Eftirlitsstofnun EFTA sektarheimildir í tilgreindum tilvikum.

## 2. Viðurlög við brotum gegn banni við að gegna stjórnarstörfum skv. 10 gr.

Með 10. gr. frumvarpsins er lagt til að fjármálaeftirlitið geti tímabundið bannað einstaklingi sem brýtur af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 8. gr. að gegna stjórnunarstörfum hjá eftirlitsskyldum aðila. Frumvarpið geymir hins vegar engar heimildir fyrir fjármálaeftirlitið til að beita viðurlögum vegna brota á slíku banni. Leggur Seðlabankinn því til að við 8. gr. frumvarpsins um stjórnvaldssektir bætist eftirfarandi málsgrein:

„Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvörðun þess skv. 10. gr. um bann við að gegna stjórnunarstörfum.“

Að öðru leyti en að ofan greinir styður Seðlabanki Íslands frumvarpið og framgang þess.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra

